

Skipulagsstofnun  
Póroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. maí 2010  
Tilvísun: UST20100500051/bs

## Vegur að námu í Húsaborg í Húnaþingi vestra. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu námuvegar um 1,1 km að lengd, gerð efnisvinnslusvæðis vestan Húsaborgar og efnistöku úr nýrri námu í Húsaborg sem ráðgert er að taka samtals 45.000 m<sup>3</sup> úr námunni á 20 ára tímabili.

### Námuvegur

Námuvegurinn mun að hluta liggja um svæði sem nýtt hafa verið til hrossabeitar og skógræktar. Á um 140 m kafla mun vegurinn liggja um votlendi, en fyrirhugað er að endurheimta votlendi sambærilegt að stærð í næsta nágrenni námunnar. Kannað var hvort unnt væri í stað þess að taka "nýtt land" undir námuveg, hvort unnt væri að leggja námuveginn á sama stað og slóðir sem liggja frá Hringvegi að Húsaborg. Talið var best að leggja námuveg á þeim stað sem lýst er í tilkynningarskýrslu. Fyrirhugað er að námuvegurinn verði 6 m breiður með tveimur útskotum og verði að meðtali 1,0 m að hæð yfir landi. Til að draga úr sjónrænum áhrifum vegarins telur Umhverfisstofnun að ekki ætti að byggja veginn upp umfram það sem burður vegarins krefst. Miðað við gróska á skógræktarsvæði mun vegurinn að löngum tíma liðnum verða lítt sýnilegur.

Umhverfisstofnun telur að áhrif fyrirhugaðs námuvegar á gróður og landslag verði lítil.

### Plan

Ráðgert er að plan allt að 10.000 m<sup>3</sup> til vinnslu og geymslu efnis verði á sléttu holti suðvestan við borgina. Þetta svæði er að hluta gróðurlaust.

Umhverfisstofnun telur að gerð ofangreinds plans muni ekki hafa mikil áhrif á gróður eða landslag.

### Náma í Húsaborg

Fyrirhuguð náma er í svonefndri Húsaborg en klettaborgir af þessu tagi eru áberandi kennileiti á Auðunarstaðahálsi í vestanverðum Víðidal. Fyrirhugað námusvæði er ekki á náttúruminjaskrá. Ekki er um að ræða jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fyrirhugað er að opna námu við suðvestur jaðar borgarinnar og verður vinnsla hennar til norðausturs.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar efnistöku felist í sjónrænum áhrifum efnistökunnar og áhrifum á landslag. Hér er um áberandi kennileiti að ræða og telur stofnunin að leggja eigi áherslu á að breyting á ásýnd svæðisins vegna efnistökunnar verði eins lítil og kostur er. Í því skyni telur Umhverfisstofnun að leggja eigi áherslu á að fara inn í borgina í eins þróngri geil og kostur er. Útlínum borgarinnar verði ekki raskað eins og fram kemur í kynningaskýrslu. Til að tryggja að svo verði telur stofnunin að ekki ætti að vinna efni úr borginni norðan við mýrardrag. Frekar ætti að beina vinnslu til suðausturs frá mýrardragi í átt að tjörn efst í borginni.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar geti falist í neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistöku í Húsaborg og neikvæðum áhrifum á landslag. Hægt er að komst fyrir þessi neikvæðu áhrif að verulegu leyti með því að raska ekki jöðrum borgarinnar þannig að ásýnd hennar breytist sem minnst. Til að tryggja enn frekar sem minnsta innsýn í námuna telur Umhverfisstofnun að hætta eigi við efnistöku úr norðvestur hluta fyrirhugaðs námusvæðis. Stofnunin telur að með öguðum og vönduðum vinnubrögðum ætti að vera unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum fyrirhugaðrar efnistöku.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að Vegagerðin upplýsi næstu nágranna um fyrirhugaðar framkvæmdir og gefi þeim tækifæri til að koma að sínum athugasemdu.


Umhverfisstofnun telur að lagning námuvegar og gerð vinnsluplans muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umræddar framkvæmdir vegna efnistöku í Húsaborg í Víðidal muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar fyrir nýjum nánum áður en framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar er veitt.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri